

# STJÓRNARTÍÐINDI B 13 – 1991

---

---

20. mars 1991

261

Nr. 119

## AUGLÝSING

### um framlagningu kjörskráa við alþingiskosningar 20. apríl 1991.

Samkvæmt heimild í 1. mgr. 23. gr. laga um kosningar til Alþingis, nr. 80 16. október 1987, er hér með ákveðið að sveitarstjórnir skuli hafa lagt fram kjörskrár vegna alþingiskosninga er fram eiga að fara 20. apríl 1991 eigi síðar en þriðjudaginn 2. apríl 1991.

Jafnframt er ákveðið að frestur til að afhenda sveitarstjórn kæru vegna kjörskrár renni út kl. 12 á hádegi þriðjudaginn 9. apríl 1991 og að sveitarstjórn skuli hafa skorið úr aðfinnslum við kjörskrána eigi síðar en mánudaginn 15. apríl 1991.

Þetta birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 20. mars 1991.*

**Óli Þ. Guðbjartsson.**

*Ólafur W. Stefánsson.*

20. mars 1991

Nr. 120

## LEIÐBEININGAR

### um utankjörfundaratkvæðagreiðslu sjúkra o.fl.

#### I. Um atkvæðagreiðslu á stofnunum.

##### 1. gr.

Samkvæmt 2. mgr. 63. gr. laga um kosningar til Alþingis er utankjörfundarkjörstjóra innan lands heimilt að láta kosningu fara fram á sjúkrahúsi, dvalarheimili aldraðra eða stofnun fyrir fatlaða, enda sé kjósandi til meðferðar á hlutaðeigandi stofnun eða vistmaður þar. Með sama hætti fer um fangelsi og vistmenn þar.

##### 2. gr.

Rétt til að greiða atkvæði utan kjörfundar á stofnunum þessum hafa eingöngu þeir sem dveljast þar og eru þar til meðferðar eða eru vistmenn þar. Aðrir, svo sem starfslíð stofnananna, hafa hins vegar ekki rétt til að greiða þar atkvæði.

##### 3. gr.

Kjörstjóri skal ákveða, að höfðu samráði við stjórn hlutaðeigandi stofnunar og að fengnum upplýsingum um þá sem þar eru til meðferðar eða eru þar vistmenn, hvort ástæða sé til að láta atkvæðagreiðslu fara þar fram og þá hvenær.